

Hávamál, Völuspá, Ljóðaperlur (Jónas Hallgrímsson) og Að sigra heiminn og fleiri ljóð (Steinn Steinarr)
Vaka-Helgafell
1996, 2001

Markaðsvænar vasabækur

Á dögunum komu út tvær nýjar bækur í flokki vasabrotsbóka Vöku-Helgafells en það eru Völuspá og úrval úr ljóðum Steins Steinarr. Sigríður Rögnvaldsdóttir annaðist útgáfu hins ágæta þúsund ára kvæðis, Völuspár; samdi aðgengilegar skýringar með hliðsjón af fyrri skýringum Sigurðar Nordals, Ólafs Briem og Gísla Sigurðssonar og ritaði hnitmiðaðan og fræðandi formála. Handhæg útgáfa á Völuspá er gleðiefni og höfðar væntanlega til ferðamanna, erlenda sem innlenda, enda Völuspá næstum því eins þjóðleg og lopapeysan (bara miklu ódýrari).

Að sigra heiminn og fleiri ljóð er úrval ljóða Steins Steinarr í ritstjórn Valgerðar Benediktsdóttur sem skrifar stuttan en gagnmerkan formála. Þar er vikið að róttækni Steins framan af skáldaferli og fjallað stuttlega um móðernískar nýjungar í ljóðabálknum fræga, Tímanum og vatninu. Á bókarkápu er sagt frá helstu einkennum hans sem skálds: kaldhæðni, dulúð og efahyggju. Það hefur örugglega verið erfitt að velja ljóð í þessa litlu bók, svo mörg eru snilldarverk Steins. Í bókina hafa ratað alls 57 ljóð sem troðið er á 70 blaðsíður – en það er auðvitað tilgangur og eðli vasabrotsbóka að koma sem mestu efni fyrir á sem fæstum síðum. Úrvalið gefur því ágæta mynd af höfundarverki Steins.

Í sambærilegu ljóðaúrvali, Ljóðaperlum, eru 32 þekktustu og vinsælustu ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Valgerður Benediktsdóttir annaðist einnig þessa útgáfu og ritar alltof stuttan inngang. Á bókarkápu er kunnugleg mynd af Jónasi sem hefur verið skemmtilega stílfærð. Þunglynd og bólgin ásjóna hans hefur gjörbreyst; skáldið er glatt í bragði og upplitsdjarft og horfir til himins með „rauðan skúf“ um hálsinn. Þessi mynd skáldsins er í fullkomnu samræmi við markmið útgáfunnar: aðlaðandi, notenda- og markaðsvæn.

Útgáfa Vöku-Helgafells á Hávamálum hefur nú verið endurprentuð. Pétur Már Ólafsson skrifar ágætan inngang en Pétur Ástvaldsson tók saman skýringar við kvæðið sem byggðar eru á skýringum Ólafs Briem og Gísla Sigurðssonar. Bókina prýða ýmsar smámyndir, fornar teikningar og skreytingar. Í Hávamálum er að finna mikla speki, allt frá leiðbeiningum um hegðun í kurteisisheimsóknum til gullinna lífsreglna og ætti bókin því að vera til á hverjum bæ. Þá er þessi Hávamáaútgáfa, líkt og Völuspáin, skemmtilegur minjagripur um íslensku sögueyjuna og menningarþjóðina sem þar býr. Væri ekki ráð að koma henni út í sama broti á ensku, þýsku og dönsku?

Allar innihalda bækurnar brot af viðteknum og markaðsvænum menningararfi. En þær þjóna vel tilgangi sínum, fara vel í vasa og eru sérlega handhægar í notkun. Þetta eru tilvaldar sumarbækur: í tjaldið eða hjólhýsið, til að skoða í flugvélinni, lesa á hótelinu eða leggja yfir andlitið þegar birtan frá sólinni verður of sterk. Lofsvert er ætíð þegar fögur og sígild bókmenntaverk verða aðgengileg, ódýr og eiguleg fyrir alla, jafnt frækna ferðalanga og þá sem heima sitja. Þessar vasabækur fást meira að segja á

bensínstöðvum og standa í rekka við hliðina á klámblöðunum í Select-sjoppunum.
Vonandi er hörð samkeppni þar á milli.